

Stjórnarfundur 7. desember 2006

Rætt um fjárframlag Hveragerðisbæjar til Félags eldri borgara og þær tillögum sem fram komu hjá Aldísi Hafsteinsdóttur bæjarstjóra og Maríu Kristjónsdóttur félagsfræðingi í heimsókn þeirra til okkar á rabbfund. Samþykkt var að fela Agli Gústafssyni að ræða betur við bæjarstjórn um þetta mál.

Ákveðið að fella niður leikfimi í Laugaskarði vegna lélegrar þáttöku.

Farið var í Þjóðleikhúsið 19. nóv. á leikritið „Stórfengleg“ 19 manns fóru.

Fundi slitið kl. 10:00. Laufey S. Valdimarsd. ritari, Kristbjörg Markúsdóttir, Egill Gústafsson, Jóna Einarsdóttir.

Stjórnarfundur 2. nóvember 2006

Bréf frá bæjarstjórn Hveragerðis þar sem bæjarstjóra og félagsmálastjóra er falið að ræða við stjórn Félags eldri borgara vegna beiðni okkar um aukið fjárframlag til bæjarins.

Rædd var léleg mæting í leikfimina í Laugaskarði og ákveðið að endurskoða hana um áramót.

Jólafundur verður haldinn 14. desember kl. 14:00

Fleira ekki gert. Fundarritari Laufey S. Valdimarsdóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Júlíus Kolbeins, Jóna Einarsdóttir, Egill Gústafsson.

Stjórnarfundur 18. september 2006

Kristbjörg setti fund.

Fyrst var rætt um sundleikfimi sem byrjaði á Heilsustofnum miðvikudaginn 13. okt. kl. 15:00 – gjaldið verður það sama eða kr. 2.500,- á mann. Leikfimi í Laugasporti hófst hinn 5. sept. greitt kr. 2.500,- á mann til áramóta. Morgunfundirnir byrja fimmtudaginn 21. sept. kl. 10:00. Kristín Sigfúsdóttir er byrjuð með sönghópin, æfingar eru á mánudögum kl. 10:30. Gönguhópurinn hefur gengið í allt sumar eins og venjulega. Dagdvöl var opnuð hér í sumar að Lækjarbrún. Í tilefni af því bauðst Félag eldri borgara til að gefa lampa með stækkunargleri til hússins. Jóna kom með

tillögu um að kaupa einnig lampa fyrir Þorlakssetur. Það var samþykkt. Blómstrandi dagar voru haldnir í Hveragerði dagana 26. og 27. ágúst. Í tilefni af því var sett upp sýning hér í Þorlakssetri með myndum eftir Braga Einarsson af þekktum aldlitum úr Hveragerði, sú sýning var í litla salnum. Í stóra salnum var sýninga á verkum eftir Júlíus Kolbeins – vel mætt var á sýninguna – videomyndir voru sýndar úr ferðalögum. Fundi slitið kl. 21:00. Fundarritari Laufey S. Valdimarsdóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Jóna Einarsdóttir, Egill Gústafsson

Stjórnarfundur 12. apríl 2006

Fundarritari las fundargerð síðasta stjórnarfundar, engar athugasemdir komu fram.

Vorfagnaður félags eldri borgara í Árnessýslu veður haldinn í Þorlákshöfn 13. maí og mun kaffið kosta kr. 1.250,-. Félagið mun greiða fyrir rútuna til Þorlákshafnar.

8. maí mun kórinn fara í heimsókn í Rangárþing til að heimsækja Kristínu kórstjóra á Geldingalæk og syngja fyrir heimilið, stjórnin samþykkti að greiða einnig þá ferð.

Vorkaffið í lok félagsstarfsins verður 4. maí nema félagsvistin verður trúlega til 20. maí til að ljúka lotunni og vatnsleikfimin verður út maí.

Vegna bréfs sem stjórnin sendi til bæjarstjórnar Hveragerðis um afslátt vegna fasteingagjalda til eldri borgara og öryrkja hefur lítið verið um svör, samþykkt var að formaður og varaformaður færu á fund bæjarstjóra og ræddu þetta við hann.

Laugardaginn 25. febr. var farið í Þjóðleikhúsið að sjá „Eldhús eftir máli“ 21. fóru á sýninguna. Fundi slitið kl. 11:00. Fundarritari Laufey S. Valdimarsd. Kristbjörg Markúsdóttir, Júlíus Kolbeins, Egill Gústafsson, Jóna Einarsdóttir.

Aðalfundur 23. febrúar 2006.

Kristbjörg Markúsdóttir setti fund og skipaði Auði Guðbrandsd. fundarstjóra og Laufeyju Valdimarsdóttur fundarritara. Auður þakkaði traustið og bauð fundarmenn velkomna og kynnti fundarefni.

Kristbjörg formaður flutti skýrslu stjórnar og sagði frá því sem gert var á síðasta ári. Það var fjölbreytt dagskrá og góð þáttaka hjá félagsfólki. Formaður þakkaði nefndum og öllum þeim sem komið hafa að starfinu.

Egill Gústafsson las reikninga félagsins, eignir í árslok voru kr. 32.626.047,- og handbært fé kr. 4.486.504,-.

Skýrsla stjórnar og reikningar bornir undir fundinn, engar athugasemdir komu fram og hvort tveggja samþykkt.

Kosningar:

Laufey og Júlíus eru þau einu sem áttu að ganga úr stjórn en gáfu kost á sér áfram. Klappað var fyrir þeim, þau eru þar með kosin til næstu 2ja ára. Engar breytingar urðu á varamönnum né endurskoðendum.

Önnur mál.

Júlíus Kolbeins sagði frá sumarferð ársins sem fara á um mánaðamótin júní – júlí til Skagafjarðar og gista á Steinsstöðum.

Guðmundur Einarsson lýsti ánægju sinni yfir að búa í Hveragerði en þau hjón eru nýflutt hingað og hafa tekið þátt í starfi félagsins. Guðmundur spurði hvort ekki væri unnt að vera með námskeið í útskurði og málalílist.

Kristbjörg svaraði að reynt hefði verið að fá manneskju til að kenna útskurð en enginn fengist. Gréta Jónsdóttir og Elín Ellerts með ýmislegt föndur á mánudögum en mjög erfitt er að fá fólk til að leiðbeina í ýmsu handverki.

Auður minnti á kórinn sem fjölgað hefur í þótt alltaf vanta karlaraddir en Kristín Sigfúsdóttir stjórnar kórnum.

Jens sagði frá Hrönn sem er með leirnámskeið sem eru vinsæl.

Jóna Einarsdóttir kom með svohljóðandi tillögu:

Aðalfundur eldri borgara í Hveragerði haldinn 23. febrúar 2006 skorar á bæjarstjórn Hveragerðisbæjar að lækka meira fasteingagjöld á fasteignir eldri borgara og öryrkja í Hveragerði. Gjaldskrá bæjarins hefur hækkað og er ekki í takt við tekjur eldri borgara og öryrkja. Tillagan samþykkt samhljóða.

Spurt var um hússtjórn vegna Þorlákssseturs og taldi Kristbjörg rétt að vinna í að koma slíku á laggirnar en mjög erfitt er að ná í aðra eigendur hússins.

Krissa mætti með fiðluna sína til að leika fyrir fundarmenn.

Fundi slitið kl. 15:15. Fundarritari Laufey S. Valdimarsdóttir.

Stjórnarfundur 9. febrúar 2006

Ritari las fundargerð frá síðasta fundi að venju. Athugasemdir komu um gjaldtökuna. Áður var greitt kr. 2.500,- fyrir bæði Laugasport og Vatnsleikfimina, sem sagt ekki frítt í Laugasport.

Aðalfundurinn verður 23. febrúar og auglýstur í vikunni.

Leikhúsferð var farin 13. jan. á „Túskildisóperuna“.

Samþykkt var að greiða til gjaldkera kr. 100.000,- vegna umsjón fjármála fyrir síðasta ár.

Gjafir sem félaginu hefur borist: Spilastokkar frá K.B. banka, Pennar frá Tryggingamiðstöðinni, spóla með leikfimisæfingum með Sigurði Guðmundssyni sem Aage Mickaelson færði félaginu þegar hann kom heim frá Kanarí.

Samþykkt að kaupa stóla til viðbótar og Egill Gústafsson fenginn til að sjá um þau kaup, helst 40 stóla sem lítið fer fyrir í geymslu. Fundi slitið kl. 10:00. Fundarritari Laufey S. Valdimarsdóttir, Egill Gústafsson, Kristbjörg Markúsdóttir, Júlús Kolbeins.

Stjórnarfundur 12. janúar 2006

Fjallað um gjaldtöku vegna leikfimi í Laugaskarði en frítt hefur verið í hana til þessa. Samþykkt að greiða sama verð og fyrir vatnsleikfimina kr. 2.500,- og er það tímabilið fram í mars.

Rætt var um gjald fyrir jóga sem er einu sinni í viku, samþykkt að greiða einnig kr. 2.500,- til vors en fyrir þá sem taka þátt í öllu þessu þ.e. vatnsleikfiminni, jóga og leikfimi í Laugaskarði verður veittur afsláttur og mundi þá hver greiða kr. 6.000,- fyrir þetta þrennt.

Ragnheiður Jónsdóttir er hætt en hún hefur séð um kaffið hjá félaginu á fimmtudögum með miklum sóma og eru henni þökkuð störfín. Júlús Kolbeins hefur tekið að sér kaffið á fimmtudögum og Guðborg Aðalsteinsd. leysir hann af ef með þarf.

Jólagleðin var haldin fimmtud. 15. desember. Jólagleðin var fjölmenn, það komu um 75 manns. Ólafur Steinsson var þar heiðraður og gerður að heiðursfélaga í félaginu.

Séra Jón talaði og kona hans og börn spiluðu, þá var fjöldasöngur og nýstofnaður kór félagsins söng við undirleik Kristínar Sigfúsdóttur. Guðmundur Steingrímsson og Róbert Einar Þórðarson spiluðu og Arndís Lára 11 ára spilaði nokkur lög með þeim.

Auglýst hefur verið þorrablót á Hótel Örk 26. janúar. Fundi slitið kl. 10:30. Laufey S. Valdimarsdóttir, Kristbjörg Markúsdóttir, Júlús Kolbeins, Jóna Einarsdóttir.